


20 ÁRA



# ÞJÓÐGARÐURINN SNÆFELLSJÖKULL



Afmælisrit

# Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

## 2001-2021



## Þjóðgarður er sameign okkar allra

Hugmyndir verða til alls fyrst. Fyrir 150 árum datt nokkrum snjóllum mönnum í hug að stofna einskona þjóðgarð í Yellowstone í Bandaríkjunum. Staðurinn var einstakur sökum náttúru og sögu. Í kjölfarið voru stofnaðir fjöldi slíkra garða, ekki aðeins í Bandaríkjunum heldur um heim allan og enn eru nýjir þjóðgarðar stofnaðir á ári hverju. Sannarlega mögnuð hugmynd sem enn er í fullu gildi.

Við Íslendingar höfum nú þegar stofnað þrjá slíka garða, Þingvallabjóðgarð, Vatnajökulspjóðgarð og Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Fleiri eru á teikniborðinu og ekki ólíklegt að fjórði þjóðgarðurinn hefji vegferð sína á þessu ári.

Tilgangur þjóðgarða er að vernda eigindi umræddra svæða, hvort sem er náttúra, menningarminjar eða saga og tryggja að komandi kynslóðir fái að njóta þeirra á sama hátt og við í dag. Jafnframt er áhersla lögð á að almenningur geti upplifað svæðin, ferðast og fræðst og að heimamenn skapi sér tækifæri með slík verðmæti í túngarðinum.

Í ár fögnum við því að 20 ár eru liðin frá stofnun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull uppfyllir öll skilyrði sem góður þjóðgarður þarf að uppfylla. Hann er ævintýri, ný á hverjum degi, örvasandi og styrkjandi. Hann er upplifun, heilsubót og slökun. Dulmöggun hans hefur áhrif á ímyndunarafl, forvitnina, skapar spennu og margbreytileika. Þjóðgarðurinn er þekkingabrunnur. Sagan er allt um kring, jafnt mannsins sem náttúrunnar.

Í þjóðgarðinum liggja mörg tækifæri, jafnt til sköpunar sem aukinna lífsgæða. Hann bætir hag nænsamfélagsins, gesta og náttúrunnar um leið. Hann skapar jákvæða ímynd af svæðinu og íbúum þess. Hann er ávinningur, býr til störf, mótar nýja þjónustu og eykur skilning og tengsl milli gesta og íbúa.

Góðir nágnannar eru ekki síður mikil verðmæti fyrir þjóðgarðinn. Stolt og væntumþykja þeirra getur lyft grettistaki og sett þjóðgarðinn á mun hærri stall. Án þeirra væri þjóðgarðurinn eyja í úfnu úthafi í stöðugri baráttu fyrir tilveru sinni.

Ágætu heimamenn, landsmenn og gestir. Til hamingju með 20 ára afmæli þjóðgarðsins okkar allna.

Þjóðgarðsvörður og starfsfólk  
Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls



## Hvað hefur gerst?

Margt hefur áunnist á síðustu 20 árum og fjölmörg verkefni eru í bunðarliðnum.

Meðal verkefna má nefna:

- Gönguleiðir hafa verið stikaðar.
- Reglulegar fræðslugöngur með landvörðum eru í boði.
- Fræðsluskilti hafa verið sett upp víða um Þjóðgarðinn.
- Útsýnispallar byggðir, göngustígar bættir og aðgengi almennt bætt.
- Útgáfa prentaðra bæklinga með upplýsingum, fræðslu og kortum um gönguleiðir, landslag, jarðfræði, gróður, sögu og menningu í Þjóðgarðinum.
- Þjóðgarðsgestum hefur fjölgað úr um 100.000 gestum á ári í um 500.000.
- Gestastofa var opnuð á Hellnum árið 2004, hún var endurbætt og flutt á Malarnif árið 2016.
- Gestastofa opin allt árið frá 2014.
- Í samvinnu við heimamenn og sérfræðinga var Vatnshellir gerður aðgengilegur almenningi.
- Nemendur í Grunnskóla Snæfellsbæjar settu upp fræðslusýningu í Salthúsinu á Malarnifi í samstarfi við Þjóðgarðinn.
- Salerni reist á Djúpalónssandi.
- Bílastæði í Þjóðgarðinum lagfærð og þeim fjölgað.
- Föstum starfsmönnum Þjóðgarðsins hefur fjölgað úr einum í þrjá.
- Lausráðnum landvörðum í Þjóðgarðinum hefur fjölgað og viðverutími þeirra lengst.
- Ný Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi verður tekin í notkun árið 2022.





# Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull 20 ára

Kristinn Jónasson  
Bæjarstjóri Snæfellsbæjar

Það er með mikilli ánægju sem við fögnum 20 ára afmæli Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þann 28. júní næstkomandi. Tíminn hefur liðið hratt og einkennst af framförum. Sjálfur er ég ekki í nokkrum vafa um að stofnun Þjóðgarðsins var mikið heillaspor. Ég held að ég geti fullynt það að samfélagið hér í Snæfellsbæ, á Snæfellsnesi og á Vesturlandi er mun ríkara með því að hafa þjóðgarð á sínu svæði.

Í undirbúningsnefndinni sem kom að stofnun þjóðgarðsins var margt nætt og m.a. hvaða áhrif þjóðgarðurinn gæti haft á sitt nærsamfélag. Frá stofnun þjóðgarðsins hefur bílaumferð um svæðið aukist um 344% og ferðamönnum sem sækja svæðið fjölgað úr 150 þúsund á ári í núm 600 þúsund og þar af fóru um 450 þúsund í þjóðgarðinn sjálfan.

## En hvað þýðir það fyrir svæði að þar sé stofnaður þjóðgarður?

Það er auðvitað margt og mikið en eitt er það að gerð er verndaráætlun fyrir svæðið. Gefin er út reglugerð fyrir þjóðgarðinn þar sem settar eru nokkurs konar umgengnis- og samskiptareglur um svæðið, gerð er friðlýsing fyrir svæðið og svo framvegis. Auk lögbundinna áætlana og reglulokum var farið í markvissa vinnu í uppbyggingu innviða.

Eitt af því sem við fengum með tilkomu þjóðgarðsins var endurgerð á Útnesveginum. Vatnshellir er eitt af því góða sem er innan þjóðgarðsins og var hann gerður aðgengilegur ferðamönnum. Gestafjöldi hefur aukist úr 3.500 árið 2010 í 43.000 árið 2019.

Ferðapjónusta hefur eflst mikið og þar hefur þjóðgarðurinn haft mikið að segja. Ekki aðeins með uppbyggingu innviða heldur einnig í upplýsingagjöf fyrir ferðamenn, með skipulögðum gönguferðum, fræðslu, miðlun upplýsinga og svo framvegis.

Uppbygging innan svæðisins frá stofnun þjóðgarðsins byrjaði hægt og litlir fjármunir fengust til framkvæmda en segja má að frá árinu 2010 hafi orðið mikil breyting á. Eitt af þeim verkefnum sem dregist hafði mjög að byrja á var bygging þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi sem m.a. mun hýsa skrifstofur þjóðgarðsins, upplýsingamiðstöð og sýningarsal. Framkvæmdir eru hafnar og gent ráð fyrir verklokum vorið 2022. Með tilkomu þjóðgarðsmiðstöðvarinnar mun starfsemi þjóðgarðsins eflast enn frekar og enginn vafi er í mínum huga á að það muni hafa mikil áhrif um allt svæðið.

Ef við horfum til þeirrar uppbyggingar sem hefur orðið í

þjóðgarðinum þau 20 ár sem hann hefur verið starfandi þá er ljóst að sveitarfélagið hefði aldrei haft fjármagn til að framkvæma allt, sem þar hefur verið gert.

Í þjóðgarðinum er mikið af sögufrægum stöðum og náttúrufrýrinbærum sem vert er að heimsækja og leggur fólk leið sína á þessa staði í miklum mæli. Til að geta tekið á móti fólki svo sómi sé að þá þarf að hafa gott aðgengi að þeim og með tilkomu þjóðgarðsins hefur mikið áunnist í þeim efnun.

Uppbyggingunni er sannarlega ekki lokið, í raun lýkur henni aldrei og mörg verkefni sem bíða næstu ára. Spennandi verður að fylgjast með á næstu árum hvernig þjóðgarðurinn mun vaxa og dafna svæðinu til heilla.

Í mínum huga er þjóðgarðurinn Snæfellsjökull eitt af þeim mikilvægu jákvæðu skrefum sem stigin hafa verið á svæðinu. Sú framsýni sem menn höfðu á sínum tíma hefur haft mikil og jákvæð áhrif. Þjóðgarðurinn er gott dæmi um jákvæða náttúruvernd sem skilar samfélaginu okkar miklu og ég held að flestir sem hér búa hugsi til þjóðgarðsins með jákvæðum huga og miklu stolti.

Innilega til hamingju með afmælið.

# Aðdragandi að stofnun Þjóðgarðs á Snæfellsnesi

Sturla Böðvarsson  
fyrirverandi samgönguráðherra



## Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var formlega opnaður við hátíðlega athöfn á Malarrífi 28. júní 2001.

Undirbúningur stofnunar þjóðgarðsins á utanverðu Snæfellsnesi hafði staðið formlega yfir frá árinu 1993 en hugmyndin að þjóðgarði á þessum slóðum er mun eldri.

Eftir samþykkt þingsályktunartillögu um stofnun þjóðgarðs haustið 1994 skipaði þáverandi umhverfisráðherra, Össur Skarphéðinsson, nefnd til að vinna að undirbúningi stofnunar þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi. Formaður nefndarinnar var skipaður Sturla Böðvarsson en auk hans voru í nefndinni Sveinn Elínbergsson, Magnús Einíksson, Skúli Alexandersson og Mangrét Björk Björnsdóttir. Með nefndinni vann Ólafur Sveinsson hagverkfræðingur hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

## Heimamenn höfðu mikinn áhuga á stofnun þjóðgarðs

Í fréttatilkynningu frá umhverfisráðherra í september 1994 segir m.a.: „Í héraði hefur lengi verið áhugi á því að stofna þjóðgarð á svæðinu, enda er þar að finna stórbrotið og afar fjölbreytt landslag, þar sem Jökullinn er það kennileiti sem þekktast er.

Eftir skoðun í ráðuneyti og Náttúruvernd ríkisins var næsta

skrefið í stofnun þjóðgarðsins útgáfa reglugerðar þar sem landsvæði garðsins var afmarkað og síðan hafist handa um að vinna að framgangi verndaráætlunar fyrir náttúrufar og fornleifar á svæðinu. Þjóðgarðsnefndin skilaði skýrslu sinni og verndaráætlun fyrir svæðið árið 1997 í ráðherra-tíð Guðmundar Bjarnasonar sem umhverfisráðherra.

Siv Friðleifsdóttir, tók við embætti umhverfisráðherra 28. maí 1999. Árið eftir skipaði hún starfshóp til þess að undirbúa stofnun þjóðgarðsins. Stefán Jóhann Sigurðsson var skipaður formaður en aðrir í hópnum voru Ásbjörn Óttarsson, Kristinn Jónasson, Guðrún Þorvarðardóttir, og Pétur S. Jóhannsson. Þessi hópur vann ótulllega með ráðherra að því að leiða stofnun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls til lykta. Árangur átta ára vinnu varð því ljós þegar Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra opnuðu þjóðgarðinn formlega á Malarrífi 28. júní 2001.

Samgönguráðherra og umhverfisráðherra undirrituðu samkomulag við opnun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þess eðlis, að Náttúruvernd ríkisins og Vegagerðin vinni sameiginlega að skipulagi allra samgöngumannvirkja innan þjóðgarðsins

og gildir það bæði um þjóðveg og gerð gönguleiða og áningarstaða innan hans. Þjóðvegurinn um þjóðgarðinn var síðan færður framar í Samgönguáætlun enda var mikil aukning á umferð um svæðið eftir að þjóðgarðurinn var opnaður.

Skýrsla undirbúningshóps þjóðgarðsins ásamt verndaráætlun og reglugerð ráðherra var kynnt við stofnun þjóðgarðsins.

## Þjóðgarður í tuttugu ár

Á þessu ári minnumst við þess að liðin eru tuttugu ár frá stofnun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Á þessum tíma hefur þjóðgarðurinn Snæfellsjökull notið verka og umsjónar öflugra starfsmanna við stjórnun og landvörslu sem og góðs samstarfs við starfsmenn Umhverfisstofnunar, Umhverfisráðuneytis og Snæfellsbæjar. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull á marga HOLLVINI sem leggja sig fram við að efla starfsemina og er það von mín að á næstu tuttugu árum megi takast að byggja upp öfluga innviði á svæðinu svo sem við nýju þjóðgarðsmiðstöðina á Hellissandi og þjónustumiðstöðina á Malarrífi. Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir að hafa fengið að vinna með öflugum fólki við undirbúning að stofnun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Hamingjuóskir með afmæli þjóðgarðsins.

## Laugardagurinn 19. júní 2021



Sandkastalar í Skarðsvík, landvörður á staðnum.	11:00 - 13:00	Skarðsvík
<b>Toppað í Þjóðgarðinum - Hreggnasi.</b>	12:00 - 14:00	Eysteinsdalur
<b>Fróðleiksganga</b> um Þrælavík með Sæmundi frá Rífi.	13:00 - 14:30	Malarnif
Malarnifsvíti opinn.	13:00-16:00	Malarnif
Leiksvæði, landvörður á svæðinu.	15:00-16:00	Malarnif

## Sunnudagurinn 20. júní 2021

Sandkastalar í Skarðsvík, landvörður á staðnum.	11:00 - 12:00	Skarðsvík
<b>Toppað í Þjóðgarðinum - Saxhóll.</b> Fræðsla um eldstöðina Snæfellsjökul.	13:00 - 14:30	Saxhóll
<b>Þjóðgarðsmiðstöðin Hellissandi</b> - Opið hús. Leiðsögn um byggingarsvæðið.	13:00 - 16:00	Hellissandur
Leiksvæði, landvörður á svæðinu.	14:00 - 15:00	Malarnif
Malarnifsvíti opinn.	15:00 - 16:00	Malarnif

## Mánudagurinn 21. júní 2021

Ungi landvörðurinn - fyrir 10 - 12 ára krakka.	14:00 - 15:00	Hellissandur
Sandkastalar í Skarðsvík, landvörður á staðnum.	15:00 - 16:00	Skarðsvík
<b>Toppað í Þjóðgarðinum - Sjónarhóll.</b>	16:00 - 17:30	Eysteinsdalur
<b>Fróðleiksganga</b> með Sæmundi frá Rífi. Þjargnytjar við Skálasnagavita.	17:00 - 18:00	Skálasnagi
<b>Orka svæðisins</b> , Hólahólajóga undir berum himni með Valda.	22:00 - 23:00	Hólahólar/Berudalur

## Þriðjudagurinn 22. júní 2021

Sandkastalar í Skarðsvík, landvörður á staðnum.	11:00 - 13:00	Skarðsvík
<b>Toppað í Þjóðgarðinum - Sauðhóll.</b>	15:00 - 17:00	Gamli Saxhólsbærinn
<b>Fróðleiksganga</b> með Magnúsi Sigurðssyni minjaverði Vesturlands. Írskubúðir, Írsknabrunnur.	16:30 - 18:30	Írsknabrunnur

## Miðvikudagurinn 23. júní 2021

Sandkastalar í Skarðsvík, landvörður á staðnum.	11:00 - 13:00	Skarðsvík
Ungi landvörðurinn - fyrir 10 - 12 ára krakka.	14:00 - 15:00	Hellissandur
<b>Toppað í Þjóðgarðinum - Rauðhóll.</b>	16:00 - 17:30	Eysteinsdalur
<b>Fróðleiksganga</b> með Sæmundi frá Rífi. Búskaparhættir og mannlíf á Öndverðarnesi, hvernig var það á árum áður!	16:30 - 18:00	Öndverðarnes

## Fimmtudagurinn 24. júní 2021

Sandkastalar í Skarðsvík, landvörður á staðnum.	11:00 - 13:00	Skarðsvík
Malarnifsvíti opinn.	15:00 - 16:00	Malarnif
<b>Lifandi Þjóðgarður</b> - fræðsla Náttúrustofu Vesturlands.	16:30 - 18:00	Svalpúfa
<b>Toppað í Þjóðgarðinum - Búrfell.</b> Ferðafélag Snæfellsness leiðin göngu.	20:00 - 23:00	Ingjaldshólskirkja

## Föstudagurinn 25. júní 2021

	🕒	📍
<b>Toppað í Þjóðgarðinum - Gráborg.</b> Þjóðgarðsvörður leiðin göngu. Upphaf ferðar við bílastæðið við Rauðhól.	13:00 - 16:00	Eysteinsdalur
Ungi landvörðurinn - fyrir 10 - 12 ára krakka.	13:00 - 14:30	Malarlíf
Sandkastalar í Skarðsvík - Sandkastalakeppni.	16:00 - 18:00	Skarðsvík
<b>Söngur og sögur í Skarðsvík</b> með Kára í Frystiklefanum.	18:00 - 20:00	Skarðsvík
Útigrill, pylsur í boði Þjóðgarðsins.	18:00 - 20:00	Skarðsvík

## Laugardagurinn 26. júní 2021

<b>Bárður Snæfellsás</b> fyrr og nú - Bárðarþing stýrt af Bjarka Bjarnassyni.	10:30 - 12:30	Malarlíf
<b>Toppað í Þjóðgarðinum Bárðarkista.</b> Upphaf ferðar við bílastæðið við Saxhól.	11:00 - 15:00	Saxhól
<b>Bárðarleikar</b> - kappleikin og skemmtun fyrir alla aldurshópa.	14:00 - 16:00	Malarlíf

## Sunnudagurinn 27. júní 2021 - Hátíðardagskrá á Malarlífi

<b>Þjóðgarðsmiðstöðin Hellissandi - opið hús.</b> Leiðsögn um byggingarsvæðið á Hellissandi.	9:00 - 13:00
<b>Hátíðardagskrá á Malarlífi</b>	14:00 - 16:00
<b>Setning afmælishátíðar.</b>	
<b>Vættir í Þjóðgarðinum.</b> Ljósmyndasamkeppni - Úrslit kynnt.	
<b>Dagskrá hefst út um allt Malarlíf.</b>	14:30 - 16:00
Hestar - teymt undir krökkum.	
Veitingar í boði Þjóðgarðsins.	
Ragnhildur Sigurðardóttir segin sögur við Salthúsið.	
Ganga með leiðsögn: Kristinn Jónasson bæjarstjóri Snæfellsbæjar leiðin göngu. Svalþúfa - Malarlíf.	15:00 - 16:00
Búsetan á Malarlífi.	
Karлакórinn Heiðbjört flytur nokkur lög.	
Leikur og leiksvæði.	
Malarlífsvíti opinn.	



### Toppað í Þjóðgarðinum

Göngur undir leiðsögn á valda toppa Þjóðgarðsins. Hver ganga tekur um 1,5 - 4 tíma. Allir eru velkomnir, athugið að búast eftir aðstæðum hverju sinni.

### Fróðleiksgöngur með Snæfellingum.

Rólegar göngur á undirlendi við allra hæfi og fróðleikur í fyrrirúmi.

**Bárðarleikar** fara fram á Malarlífi fyrir alla aldurshópa. Landvörður á svæðinu yfir vikuna, sjá dagskrá. Leikarnir sjálfir verða undir stjórn landvarða.



### Vættir í Þjóðgarðinum

Efnt er til ljósmyndasamkeppni í tilefni afmælis Þjóðgarðsins. Þema keppinnar er Vættir í Þjóðgarðinum. Keppnin stendur yfir alla afmælisvikuna og verða nánari upplýsingar um neglur, fyrirkomulag keppinnar birtar á Facebook síðu Þjóðgarðsins 18. júní.

Afmælisdagsskrá er birt með fyrirvara um villur og getur breyst vegna veðurskilyrða. Breytingar á dagskrá eru birtar á vefmiðlum Þjóðgarðsins.



Ítarlegar upplýsingar um afmælisdagsskrá Þjóðgarðsins er að finna á Facebooksíðu Þjóðgarðsins.

### #ÞjóðgarðurinnSnæfellsjökull

- er merki Þjóðgarðsins á samfélagsmiðlum - endilega merkið myndir teknar á svæðinu með því!



# Örsögur landvarða í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli



Ásta K. Davíðsdóttir 2004 - 2006

## Fjörulallar í Þjóðgarðinum

Á fyrstu starfsárum Þjóðgarðsins voru landverðir að störfum, sem voru hálfgenðir fjörulallar. Þeir gengu meðal annars fram á dauðann skötusel og landsel. Þeir ákváðu að venka þá og setja svo undir grind úti við, svo pöddur og aðrar smáverur gætu hreinsað beinin. Þegar þær höfðu lokið vinnu sinni voru beinin þvegin og sett til sýnis á gestastofu þjóðgarðsins.

Ingi Reyndal 2011 - 2012

## Myrkrið

Einu sinni sem oftan fór ég með hóp niður í Vatnshelli og með í för voru Ítölsk hjón með 10 ára dóttur sína. Þegar niður í hellinn var komið var venju samkvæmt slökkt öll ljós, til að hlusta á áhrifamikla þögna. Þegar ljósinn voru kveikt aftur þá spurði ég litlu stelpuna „Varst þú ekki hrædd í myrkrinu?“ „Ha ha, nei nei, ég lokaði bara augunum!“

## Bláber

Dag einn, í lok ágúst, átti ég vakt að Hellnum. Kom þá til mín útlendur, rosinn maður í íslenskri lopa-peysu og mjallhvítum buxum í sýnilegu uppnámi. „Heyrðu góði maður. Mér var sagt að hér væri mikið af bláberjum í hrauninu, svo ég hef

eytt næstum öllum morgninum í að leita að þeim, en ekkert fundið!“ „Það er ekki gott“, sagði ég, „En hefur þú þá leitað á réttum stöðum, ég veit það en mikið af berjum í sumar.“

„Leitað? Heldur betur. Gekki um allt hraunið og gaf mér aðeins tíma til að tylla mér og borða nesti.“

„Ja, nú get ég ekki hjálpað þér, en ventu bara vongóður. Þú finnur þau fyrr en síðar.“

Við það gekk maðurinn í burtu og varð mér starsýnt á hvítar buxurnar, sem voru helbláar á rassinum!

Bingitta Stefánsdóttir 2013

## Útnesjarokið

Þeir sem hafa starfað eða ferðast mikið um Þjóðgarðinn Snæfellsjökulvita, að það getur orðið ansi hvasst á Útnesveginum. Þegar ég starfaði í Þjóðgarðinum sumarið 2013 var einn daginn það mesta rok sem ég hef upplifað fyrr eða síðar. Ég og Sölvi landvörður vorum að keyra í gegnum garðinn og komum að smábíl frá bílaleigu sem hafði fokið af veginum. Í bílnum sátu tveir skelkaðir ferðamenn og Sölvi fór út úr bílnum til að bjóða þeim aðstoð og far á Gestastofuna að Hellnum. Það fór ekki betur en svo en þegar hann fór út úr bílnum fuk hann hreinlega á andlitid beint á veginn, svo mikið var rokið. Ég hélt mig

bara inn í bílnum enda hefði ég líklega endað á hafi úti nema ég væri bundin við akkeri.

Á sömu vakt þurfti ég svo að hringja á Neyðarlínuna og lýsti þar fyrir konu í símanum að ég væri stödd í Punksólbrauni. Það kom töluvert hik í símann og konan bað mig svo vinsamlegast um að nota eitthvað almennara örnefni þar sem það hjálpaði henni engan veginn við að staðsetja hvar á landinu ég væri. Hugsanlega verður maður smá örnefnablindur á að starfa sem landvörður?

Sigurður Kjartansson 2018 - 2021


## Þörin

Fyrsta sumarið mitt sem landvörður ollu daglegar fræðslugöngur landvarða mér smá kvíða í upphafi, ekki vanur að tala við hóp fólks. Kollegar mínir virtust fara létt með þetta og voru að fá ágætis fjölda í sínar ferðir. Þegar kom síðan að minni fyrstu ferð þá mætti bara eitt þar í gönguna. Ferðin gekk vel og var bara ánægjuleg, ekkert mál að tala við 2 manneskjur. Síðan var þetta þannig það sumarið að í flestar mínar ferðir mætti bara eitt þar þó hinir landverðirnir væru yfinleitt að fá mun fleiri í sínar ferðir. Þá var auðvitað farið að grínast með það að ég gæti verið sérhæfður í paragönguferðum.



# LÍFIÐ

Í ÞJÓÐGARÐINUM 2001-2021



# Afmælikveðjur



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er einstakt svæði að fjölbreytni og fegurð í landslagi og jarðfræði. Það, auk iðandi fuglabjanga og ferfætts frumbyggja, er það sem hvað helst hefur dregið mig inn á svæðið – bæði til rannsókna og yndisauka.

Umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, opnaði þjóðgarðinn formlega þann 28. júní 2001. Færri vita kannski að síðar þann sama blíðviðnisdag vígði hún líka formlega **Náttúrustofu Vesturlands**. Náttúrustofan og þjóðgarðurinn eru því jafnaldnar. Þau hafa bæði þroskast mikið á þessum tíma og það hefur verið gaman að fylgjast með þjóðgarðinum eflast með auknum fjárveitingum og sífellt skýrnari framtíðarsýn. Við eigum í nánu og góðu samstarfi sem eykst með ári hvenju og snýr m.a. að vöktun náttúrunnar.

Til hamingju með afmælið! Megi þjóðgarðurinn lengi lifa, tengsl hans við nærsamfélagið aukast og hann halda áfram að eflast.

Róbert Stefánsson  
Forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull  
Klettsbúð 7 - 360 Hellissandur  
Sími: Gestastofa: 436-6888  
Skrifstofa: 436-6860

snæfellsjokull.is #þjóðgarðurinnSnæfellsjökull

Afmælisrit þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 2021

Upplag: 2.500 eintök.

Ábyrgðarmaður: Jón Björnsson

Ljósmyndir: Starfsfólk þjóðgarðsins, Tómas Freyr Kristjánsson.

Forsíðumynd: Christoph Müller.

Kortagerð: Ómar Smári

Ritstjórn, uppsetning: Anok mangmiðlun ehf

Prentun: Litróf - Svansvottuð prentsmiðja

**Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi** senda Þjóðgarðinum Snæfellsjökli heillaóskir á 20 ára afmælinu. Tilkoma og starfsemi Þjóðgarðsins hefur komið öllu Vesturlandi til góða á þessum árum sem Þjóðgarðurinn hefur starfað. Það hefur verið mjög ánægjulegt að fylgjast með starfsemi Þjóðgarðsins eflast og þeim áhrifum sem hann hefur á sitt nærumhverfi. Það er mikil hvatnig fyrir önnur svæði að feta í þessi fótspor og standa vel að umhverfisverkefnum í héraði. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi óska öllum aðstandendum Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls til hamingju með þennan áfang og senda bestu óskir um áframhaldandi gæfu og grósku í starfi um ókomna tíð.



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er mjög ríkur af menningarminjum. Minjarnar bera vitni um sögu svæðisins frá örófi alda. Þar er að finna kuml, víkingaaldarskála, bæi, sel, verbúðir, fiskbyngi, varin, vita, fornar leiðir og fjölmargt annað sem vitnar um lífsbaráttu Íslendinga mann fram af manni. Samspil manns og náttúru er greinilegt í þeim minjum sem svæðið hefur að geyma og við erum svo lánsöm í dag að geta miðlað til gesta svæðisins, nærsamfélagsins og þjóðarinnar allrar. Það er dýrmætt að geta gefið fólki innsýn inn í fortíðina með því að skrá, rannsaka og miðla þeim minjum sem til staðar eru. Menningarminjarnar eru okkar allra og við berum öll ábyrgð á að vernda þær til framtíðar.

„Þeir sem þekkja fortíðina og skilja nútímann eru öðrum hæfari til að skapa framtíðina.“ Gunnar Dal

Ásta Hermannsdóttir og Magnús A. Sigurðsson  
Starfsfólk Minjastofnunar Íslands



Fyrir hönd **Grundarfjarðarbæjar** sendi ég Þjóðgarðinum Snæfellsjökli kveðjur í tilefni af tuttugu ára afmælinu!

Stofnun Þjóðgarðs er yfirlýsing um að á svæðinu sé eitthvað einstakt að sjá og njóta. Að svæðið búi yfir einstakni náttúru, landslagi, lífríki eða minjum; mögulega öllu þessu. Stofnun Þjóðgarðs er jafnframt yfirlýsing um að við ætlum að vanda okkur; að gæta þess sem ekki má spilla, þróa það sem víst er að muni breytast og njóta þess sem okkur er dýrmætt. Þjóðgarður er eign þjóðarinnar, en Snæfellingar eru lánssamir að búa að þessari perlu í „garðinum heima“. Megum við bera gæfu til að gæta hennar vel og megum við njóta þeirra lífsgæða sem hún færir okkur heimafólkinu og gestum, um ókomin ár!

Björg Ágústsdóttir  
Bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er tvítugur um þessar mundir. Við áttum samleið í tæp fimmtán ár og enn eigum við í talsverðum samskiptum. Mangar minningar koma upp í hugann þegar ég hugsa til baka; eldmóður einstaklinga, skemmtileg verkefni, fræðslugöngur, verklegar framkvæmdir bæði stórar og smáar, móttaka ferðafólks og nemenda, samstarf við einstaklinga, félög og stofnanir. Síðast en ekki síst minnst ég samvinnu og kynna af frábærum hópum landvarða og sjálfboðaliða sem allir báru hag þjóðgarðsins fyrir brjósti.

Það er fróðlegt og gaman að skoða ársskýrslur frá fyrstu árum þjóðgarðsins og sjá hvað mangt hefur breyst. Starfið heldur áfram og fram undan eru spennandi tímar með opnun þjóðgarðsmiðstöðvar og annarri uppbyggingu sem ég hlakka til að fylgjast áfram með. Starfsmönnum þjóðgarðsins og öllum velunnurum óska ég alls hins besta.

Til hamingju með afmælið!  
Guðbjörg Gunnarsdóttir fv. þjóðgarðsvörður



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður á sínum tíma eftir mikinn og vandaðan undirbúning, sem lagði mikilvægan grunn að þeim samfélagssáttmála sem gerður var um þjóðgarðinn og Snæfellingar hafa alla tíð síðan virt og staðið vörð um. Um þjóðgarðinn hefur níkt breið og mikilvæg samstaða, sem hefur lagt grunn að öflugum þjóðgarði hér á Snæfellsnesi sem hefur verið lyftistöng fyrir svæðið og orðspor þess. Í veröld sem sífellt gengur nær náttúrunni hefur það gífurlega þýðingu fyrir okkur, fólkið á Snæfellsnesi, að hafa þjóðgarð í bakgarðinum hjá okkur, þar sem sérstaða landslagsins fær að halda sér og þróast á eigin forsendum. Þessi sérstaða landslags er einmitt það sem færir ferðapjónustunni hér á svæðinu byr undir báða vængi. Óvíða finnst eins fjölbreytt náttúra og á Snæfellsnesi og því er mikilvægt, fyrir okkur, náttúruna og ekki síst komandi kynslóðin, að varðveita og vinða náttúruna og landslagið eftir fremsta megni. Ég vil fyrir hönd **Stykkishólmsbæjar** óska þjóðgarðinum Snæfellsjökli og Snæfellingum öllum til hamingju með tuttugu farsæl ár.

Jakob Björgvin Jakobsson  
Bæjarstjóri í Stykkishólmi

## Ýmis upplifun er í boði í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

### Vatnshellir

[vatnshellir.is](http://vatnshellir.is)

20% Afsláttur af ferðum í afmælisviku.  
Afsláttankóði: **20 ára** í gegnum heimasíðu.

### Snæfellsnes Park Excursions & Activities

[sfn.is](http://sfn.is)

20% afsláttur af ferðum á Snæfellsjökul í afmælisviku.  
Gildir ekki fyrir kvöld- og miðnæturfirðir.

### GoWest

[gowest.is](http://gowest.is)

20% afsláttur í göngufirðir á Snæfellsjökul í afmælisviku gegn framvísun afmælisnits.

Allan nánari upplýsingar á Facebook síðu þjóðgarðsins.



Fjöldi fjársjóða er í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Ekki þarf þó að grafa þá upp, heldur mæta á einhvern staðanna og upplifa fegurð þeirra og sögu. Gangið vel um og eigið sem allra bestar stundir í heimsókn ykkar.

- **Bárður Snæfellsás** Í seinni tíma sögum en talið að Bárður Snæfellsás hafi falið fjársjóði sína í áberandi klett sem heitir Bárðakista. Sagan segir að þeir einir geti náð auðæfunum sem fæddir eru af sjötugri meykerlingu, ekki hafa nærst á öðru en merarmjólk í 12 samfelld ár og ekkert gott hafa lænt.
- **Guðriður Þorbjarnardóttir** var ein víðförulasta kona jarðar á sinni tíð. Hún fæddist að Laugabrekku kringum árið 1000 og ólst þar upp. Fór margsinnis yfir Atlandshafið og tvisvar til Ameríku.
- **Kristófer Kólumbus** Sagnir herma að Kristófer Kólumbus hafi komið í land við Rif árið 1477. Þar hafi hann heyrt af landakönnun Víkinga í vesturheimi.
- **Axlar Björn** var þekktasti fjöldamorðingi Íslandssögunnar og talið að hann hafi myrt allt að 18 manns. Hann var dæmdur og tekin af lífi 1596 við Laugabrekku og líkami hans hlutaður sundur og dreift til að tryggja að hann gengi ekki aftur.
- **Geimverur** Ýmsar sögur eru til af heimsóknum þeirra við Snæfellsjökul. Var jafnvel undirbúin móttaka þeirra við jökulinn í nóvember 1993. Þær létu hinsvegar ekki sjá sig.
- **Írskir Papar** Ýmsar sagnir og minjar eru um veru þeirra á Snæfellsnesi. Írskrabrunnur og Írskrabýngi eru áberandi minjar taldar frá tímum þeirra.
- **Kynjaverur** Margan sagnir eru til af allskyns kynjaverum í hafinu umhverfis Þjóðgarðinn. Undarleg hljóð við ströndina taldist söngur hafgúunnar, hvalir minntu á sjóskrímsli og þjóðsögur örvuðu ímyndunaraflið. Samt er aldrei að vita, leggjum við hlustir, kannski hljómar söngur hafgúunnar enn um eyðifjörurnar.
- **Jules Verne**, franskur rithöfundurinn nitaði sögu sína „Leyndardómar Snæfellsjökuls“ árið 1864. Í sögunni segir frá ævintýralegni ferð þriggja ofurhuga gegnum gíg á Snæfellsjökli inn að miðju jarðar og aftur upp á yfirborð í gegnum Stromboli á Ítalíu.